

DAGINN EFTIR  
BRÚÐKAUPIÐ



## 1. Friðrika

– Einn trúðafs með rauðri húfu og annan með lakkrís, takk, segi ég við unglingsstrákinn hinum megin við glerborðið.

– Ekki með lakkrís, hrópar Marey hvefsin, ég sagði með svarta húfu.

– Svört húfa er lakkrísdyfa, elskan, svara ég og reyni að virka ekki pirruð þótt ég sé á barmi brotlendingar. Þunn, þreytt og ómöguleg.

– Hvernig ís viltu? spyr unglingurinn.

– Æ, bara venjulegan, svara ég.

Þoli ekki hvað það er orðið flókið að kaupa ís.

– Viltu þá gamla ísinn eða rjómaís með vanillubragði?

– Bara þennan hvíta, svara ég og yppi öxlum.

– Ég vil bleikan jarðarberjaís, segir Eldey, ljómandi sátt með hugmyndina og bendir á plakat á veggnum með myndum af fáránlega mörgum útgáfum af ís.

– Ekki ég, segir systir hennar og klessir nefið upp við glerið.

Ég er farin að sjá verulega eftir þessu trúðarugli. Hefði einfaldlega átt að gefa þeim íspinna úr frystinum heima, kveikja á Frozen og leggjast svo sjálf aftur upp í rúm. Ég bara fékk það ekki af mér því svipurinn á Tomma lýsti svo mikilli vanþóknun – næstum því viðurstygð – að mér fannst ég verða að drífa mig fram úr og þykjast sæmilega fersk. Standa við loforðið sem ég hafði gefið stelpunum um ís í morgunmat.

– Einn jarðarberja og einn vanillu sem sagt? spyr strákurinn og vefur servíettu hálfklaufalega utan um brauðform. Sjálfsagt að vinna sína fyrstu vakt í sumarvinnunni.

– Já, svara ég.

Hvað er allt þetta fólk að spá? Ég átti ekki von á að það yrðu svona margir hérna að fá sér ís fyrir hádegi á sunnudegi. Dísar kræst. Hávaðinn hérna er ærandi. Af hverju þurfa allir að panta sér þessa fjárans bragðarefi sem virðist þurfa að strokka með stórtækum vinnuvélum?

– Hvaða nammi viltu á þá? spyr sláninn þegar honum hefur loksins tekist að gera tvo ísa með dýfu.

Hjálp mér, hugsa ég en kreisti fram bros um leið og ég svara: Bara eitthvað sniðugt, takk.

– Ég vil bleikan sleikjó sem nef, segir Eldey.

– Ég vil gulan, segir Marey og bendir í ofboði.

– Ég vil svona fyrir augu!

– Ég vil *smarties*!

– Nei, ekki svona, bara svona bláa.

– Settu svona duddur fyrir cyru, kallar Eldey til stráksins og þrýstir vísifingri á glerið.

– Stelpur, ekki láta svona. Maðurinn ræður.

Strákurinn (sem hefur sjálfsagt aldrei verið kallaður *maður* áður) horfir ráðvilltur til skiptis á mig og dætur mínar áður en hann tekur af skarið og velur nammið sjálfur. Marey grípur ísinn og brosir út að eyrum. Systir hennar setur hins vegar upp skeifu og heldur því fram að sinn ís sé minni en systur hennar. Strákurinn verður vandræðalegur, næstum skelkaður á svipinn, en ég sendi honum hughreystandi augnarád um leið og ég legg símann yfir posann.

Eldey þrammar í bleiku gúmmístígvélunum sínum að hringborði við gluggann sem er baðað sól. Marey kjagar á eftir henni í krummafæti. Hún valdi sér allt of stóra glimmerhúðaða

spariskó en ég hafði ekki þrek til að grípa inn í. Þær systur klæddu sig sjálfar og eru þess vegna báðar í bleiku og gulu frá toppi til táar, með plastskartgripi og kókómjólkurbuff. Tveir trúðar með ísa. Ég er algjör andstæða við dætur mínar, í öllu svörtu eins og sérsveitarlögga. Ég sest á móti þeim og set upp Guccigleraugun. Læt mig hafa hávaðann inni því stelpurnar eru ekki nógu vel klæddar til að sitja úti og borða ís þótt það sé stillt og bjart. Ég blikka þurrum augunum þannig að maskarahúðuð gerviaugnhárin klessast saman eins og franskur rennilás og fylgist með Eldeyju, sem er í skærgulum stuttermakjól í stíl við buffið, taka sleikjónefið af trúðnum sínum og stinga því upp í sig. Hún brosir og þá glittir í nýtt sett af framtönnum sem er farið að gægjast niður úr gómnum.

Algjör synd að vera að drepast úr þynnku á þessum fallega vordegi, hugsa ég og blóta helvítis kokteilbarnum í huganum. Hvað var ég að spá þegar ég bókstaflega sturtaði í mig espresso martini klukkan ég-veit-ekki-hvað í nótt? Eftir, nóta bene, hamslaut sull í freyðivíni, rauðu, hvítu og g&t. Hvaða heilvita manneskja gerir svona lagað? Skammastu þín, Friðrika Hannesdóttir, ávíta ég sjálfa mig í huganum og heyri hvassan málróð föður míns. Hvaða kona á fertugsaldri með vott af sjálfsvirðingu leggst á klístrað dansgólfi í 170 þúsund króna silkikjól til að sanna að hún geti enn þá gert orminn? Hvers konar móðir er það sem man ekki neitt? Og hvers slags eigin-konudrusla læsir sig inni á klósetti með fyrrverandi kærasta til að rifja upp gamla tíma? Það þýrmir yfir mig þegar minningabrotin taka að raðast saman og ég anda þungt. Mér verður flökurt og þarf hreinlega að hafa mig alla við til að kasta ekki upp. Ég fylgist með ísnum klínast á kinnar dætra minna og leka ofan á bringu og niður handarbökin, trúðsandlitin afmyndast í undarlegar grettur. En ég geri ekkert, sit bara og stari út um svört sólgleraugun með hendur í vösum og bíð. Bíð þess að

Þetta líði allt hjá en langar helst til að leka niður eins og ísinn og emja. Sé svo ógeðslega eftir gærkvöldinu. Þetta átti ekki að fara svona. Ég ætlaði ekki að verða svona full.

– Mamma! æpir Eldey, ég þarf pappír. Náðu í pappír.

– Gerðu það bara sjálf, elskan.

Í sömu andrá veinar Marey upp yfir sig:

– Sleikjóinn minn datt!

Hún gerir sig líklega til þess að ná í hann en ég útskýri að gólfið sé skítugt svo hún megi ekki setja hann upp í sig aftur. Hún flýtir sér niður af stólnum en ég er fyrri til, beygi mig eftir brjóstsykrinum, tek um prikið og fleygi honum í átt að stórrí ruslatunnu þrátt fyrir mótmælaöskur en hitti ekki svo hann hrekkur af brúninni og skoppar út á gólf. Misheppnað dansatriði mitt frá því í nótt kemur aftur upp í hugann og ég flýti mér að standa á fætur til að leiðrétta mistökin.

– Æi, æpir Marey og leggst í gólfið, buguð af sorg.

– Hvað sagði ég? Gólfið er ógeðslegt, stattu upp, Marey. Stattu upp á stundinni.

Ég fylgist með dóttur minni engjast á meðan systir hennar glottir og sleikir sælgætið ögrandi á svipinn. Fólk horfir á okkur. Ég finn fyrir augum þess og vona innilega að enginn þekki mig af baksvipnum þótt ég sé þekkt andlit af skjánum. Hvernig datt mér í hug að fara út á meðal fólks í þessu ástandi? Með stelpurnar svona illa og asnalega klæddar? Plís ekki hringja í barnavernd. Ég er örugglega enn þá með allt of mikið áfengi í blóðinu til að mega keyra. Lífslöngun mín er í sögulegu lágmarki, ég er gersamlega að þrotum komin. Finn enn fyrir hellu í eyrunum og martini-bragði í munninum. Maginn er í hnút og hausinn að springa. Ísvélarnar hamast við að hrista og kurla á meðan hakkavélin í höfðinu á mér hrærir upp í ærandi sektarkennd og sjálfshatri. Þetta átti ekki að enda svona. Þetta gekk allt of langt. Ég gekk allt of langt.



Skýndilega birtist mjóslegni strákurinn sem afgreiddi okkur. Í Iann gjóar augunum í áttina að yngri dóttur minni um leið og hann réttir mér varfærnislega bleikan sleikjó.

– Viljiði nýjan?

– Já, takk, svara ég fegin og brosi til hans áður en ég rétti Mareyju sleikjóinn og bið hana að hætta þessum látum og passa að missa þennan ekki líka. Ég vildi óska að ég gæti sjálf bara hent þessu gamla og fengið annað tækifæri, annan sykursætan og fallegan dag til að njóta. Vildi að ég gæti endurtekið daginn í gær, spólað til baka og væri núna að vakna, á leið í brúðkaup vinkonu minnar. Ég myndi vanda mig. Njóta þess að fá mér tvö eða þrjú glös, dansa svolítið, spjalla og hlæja. Fara heim á skikkanlegum tíma, kyssa Tomma góða nótt og sofna sátt við hlið hans. Vakna síðan úthvíld og njóta dagsins með dætrum mínum.

Skammastu þín, Friðrika Hannesdóttir. Ég sé fyrir mér svipinn á Ernu þar sem ég klöngraðist út af klósettbasnum með Carlos á hælunum. Augu hennar skutu gneistum undan þungum brúnum og munnsvipurinn lýsti viðbjóði. Ég flissaði eins og kjáni og mig minnir að ég hafi bent á Carlos og sagt að hann væri sko pípari ... bara aðeins að kíkja á pípunar, losa smá stíflu. Henni fannst ekkert fyndið við þetta, hristi bara höfuðið og spurði hvar Tommi væri. Stundum hefur farið í taugarnar á mér hvað þau Erna og Tommi eru alltaf samstillt. Sameinast jafnvel gegn mér líkt og þau væru hjón en ekki við Tommi. Á þessum tímapunkti birtist Maríanna með tárin í augunum því einhver hafði sulað rauðvíni yfir brúðarkjólinn hennar. Ég man ekki hvað gerðist svo. Ætli Erna hafi ekki aðstoðað Maríönnu við að þrifa kjólinn og hugga hana eins og góðar vinkonur gera. Ég hef sjálfsagt bara hlegið og gert lítið úr þessu, skálmað út á dansgólf eða á barinn. Eins og djammrottan og

kerlingartussan sem ég er. Nei, nú verð ég bara að hætta að drekka, þetta gengur ekki lengur.

Ég sem leit svo vel út í upphafi kvöldsins, svo pen og lekker, eins og amma Barbara hefði lýst mér, í nýja bronslitaða D&G-silkikjólnum sem ég plataði Tomma til að kaupa handa mér fyrir tilefnið. Strax og Danni sá mig sagði hann að liturinn passaði fullkomlega við húðlitinn minn og dökku Hollywood-liðina í hárinu. Erna sagði að ég liti út eins og Cindy Crawford eða hún þarna kólumbíska, Sofía Vergara. Mér hefur reyndar furðu oft verið líkt við slíkar gyðjur og elska þannig hrós. Auðvitað veit ég vel að ég er ekki eins falleg og þessar skvísur, nefið er fullstórt og varirnar ómerkilegar, en ég fékk fínasta hár í vöggugjöf og hrjóst í fermingargjöf. Það stendur alltaf til að láta lappa aðeins upp á varirnar en ég hef ákveðið að láta nefið eiga sig – fréttanefið eins og Tommi kallar það – því það er bara gáfumerki.

En auðvitað er útlitið ekki aðalatriðið. Hverri svo sem fólki finnst ég líkjast þá er ég ánægðust með mig dagana sem ég er Friðrika Barbara, eins og amma, sem ég heiti í höfuðið á. Þá daga sleppi ég áfengi, elda kvöldmatinn frá grunni og fæ mér vatn með matnum, set afganga í box og baða stelpurnar. Vökva blómin, flokka, lyfti lóðum, fer út að hlaupa og spyr Tomma hvernig dagurinn hans hafi verið. Mig langar að vera oftár og meira sú kona. Ekki konan sem grípur sushi með sér á leiðinni heim úr vinnunni oft í viku því hún nennir ekki að elda og hlakkar til að geta opnað vínflöskuna sem bíður í ísskápnnum (því eins og allir vita eru sushi og hvítvín heilagt og órjúfanlegt kombó). Ekki konan sem gleymir að mæta á foreldrafundi og í barnaafmæli, hendir öllu í blönduðu tunnuna og fer að sofa án þess að bera á sig næturkem. Og helst af öllu vil ég ekki vera konan sem mætir í brúðkaup, drekkur sig vandræðalega fulla og gerir hluti sem hún sér eftir. Nei, sko ... dauðsér eftir.



– Ég er búin með trúðaisinn minn, tilkynnir Marey okkur og stendur upp áður en hún bætir við: Förum heim.

Pabbi hennar sagði nákvæmlega þetta sama við mig í gær þegar partíð stóð sem hæst:

– Jæja, ég er búinn að fá nóg. Förum heim.

– Nei, Tommi, við erum ekki að fara strax, sagði ég þá snúðug og tók stóran sopa af kokteilnum sem ég hafði verið að enda við að sækja á barinn.

– Friðrika, ég er að fara í langt flug á morgun og verð að vera úthvíldur.

– Æ, það er ekki fyrr en eftir hádegi, sagði ég og reyndi eins og ég gat að telja hann á að vera lengur, strauk hendinni mun-aðarlega eftir vanga hans og greiddi fingrunum í gegnum ljóst hárið, stamt af geli.

En allt kom fyrir ekki.

– Friðrika, við vorum búin að ræða þetta, manstu.

– Nei, æi, ekki vera leiðinlegur, vældi ég í sama tón og dætur okkar gera þegar svengdarstuðullinn nálgast hættumörk.

– Heyrðu, elskan, ekki láta svona, sagði hann og tók um handlegginn á mér en ég vatt mér undan.

– Ég er ekki að fara neitt, ég er að skemmta mér, þetta er *once in a lifetime*, skilurðu, Maríanna og Runólfur eru aldrei að fara að gifta sig aftur, áttarðu þig á því?

Röddin í mér var áreiðanlega orðin drafandi þarna og augun syndandi en mér leið samt eins og veislan væri bara rétt að byrja og það væri næstum því ókurteist að láta sig hverfa strax.

– Æ, Friðrika, það Tommi þreytulega, það er komið mið-nætti, komdu heim. Við erum heldur ekki með pössun mikið lengur.

– Bíddu, heldurðu að Perla Dís gangi bara út þegar klukkan slær tólf og skilji stelpurnar eftir? spurði ég hæðnislega og bætti

því við að systurdóttir mín væri orðin nítján og vön að vaka fram eftir.

– Við töluðum um tólfleytið við hana, svaraði hann og dæsti.

– Far þú þá bara sjálfur, hreytti ég í hann og strunsaði út á dansgólf þar sem ég fann stelpurnar af fréttastofunni í hörku-stuði.

– Mamma, getum við farið í sund? spyr Eldey allt í einu og bendir út um gluggann um leið og hún segir brosandi: Það er svo gott veður.

– Já, sund! tekur systir hennar undir og klórar sér í buff-klæddum köllinum.

Upp í hugann kemur lúsapóstur sem skólinn sendi út fyrir helgi. Ég hrylli mig við tilhugsuninni og finn um leið hvað mig klæjar í hársvörðinn. Sennilega bara eftir allt hárspreyið í gær því ég er enn ekki búin að fara í sturtu. Ég myndi kála mér ef ég fyndi lús í ofanálág í dag. Úff, hvað ég þarf að komast í sturtu. Tömmi ætti að vera lagður af stað út á völl núna svo mér er sjálfsagt óhætt að fara heim. Ég meika ekki að taka samtalið við hann í þessu ástandi. Meika ekki ásökunartóninn, fyrirlitninguna í augunum, vonbrigðin og spurningarnar. Veit að ég mun ekki einu sinni geta svarað sumum þeirra. Ég hef ekki hugmynd um hvað ég fékk mér marga drykki, veit ekkert hvenær ég kom heim og það versta er að ég man ekki einu sinni hvernig ég komst heim. Hann mun spyrja og ég mun þurfa að ljúga, því ég get ómögulega sagt að ég viti það ekki. Hann myndi senda mig í meðferð ef ég segðist eiginlega ekki muna eftir neinu sem gerðist eftir miðnætti. Hann hefur stungið upp á þeim möguleika áður, sagt að ef ég geti ekki haft stjórn á drykkjunni sé ég alkóhólisti sem þurfi hjálp. En það er ekki málið. Ég er enginn alkóhólisti. Mig langar alls ekkert alltaf í

áfengi og get vel sleppt því að fá mér í glas. Stundum fær hann sér meira að segja bjór með matnum á meðan ég fæ mér bara vatn. Ég lít ekki á þetta sem vandamál hjá mér nema kannski í einstaka skipti. Auðvitað veit ég að samkvæmt einhverri skilgreiningu gæti ég alveg talist á mörkum þess að vera alkóhólisti en mér finnst tilhugsunin verulega óþægileg og bægi henni jafnharðan frá mér. Vil helst ekkert pæla í þessu. Ég þóttist ekki hafa tíma þegar ritstjórinn stakk upp á því að ég fjallaði um dulda misnotkun áfengis eftir að einhver rannsókn sýndi að alkóhólismi væri miklu stærra og alvarlegra vandamál en áður hefði verið talið. Ég sagðist upptekin við annað – einfaldlega af því að ég þorði ekki að kynna mér málið. Erna og Danni tóku boltann á meðan ég leitaði ljósum lögum að einhverju öðru bitastæðu efni til að fjalla um.

– Erum við með sunddót? spyr Eldey og stendur upp.

Ég hristi höfuðið annars hugar og ætla að fara að svara þegar ég finn símann titra í úlpuvasanum. Á skjánum stendur nafn Maríönnu. Ég er svo sem ekki hissa á að hún sé að hringja, hún er vön að taka stöðuna daginn eftir djamm og vill sjálf-sagt heyra hvernig okkur stelpunum fannst allt takast til í gær. En ég nenni ekki að svara henni núna. Nenni hvorki að þykjast hlæja né dásama veisluna og langar ekkert til að rifja upp atburði næturinnar. Hef nákvæmlega engan húmor fyrir sjálfri mér akkúrat núna svo ég læt hringja út.

– Mamma, hvenær getum við eiginlega aftur fengið fjólu-blátt slím? Ég er búin að segja þér svo oft að kaupa þannig. Og hvenær getum við fengið háhælaskó? heldur Marey áfram og hallar sér fram á borðið um leið og hún teiknar línur í loftið með vísifingri.

– Já, tekur systir hennar biðjandi undir, og reynir að ná athygli minni. Það eru svo margar stelpur sem eiga þannig, bætir hún við og leggur áherslu á hvert orð.

– Já, eiginlega bara allar.

– Stelpur mínar ... byrja ég en kemst ekki lengra því síminn byrjar aftur að titra. Maríönnu langar greinilega mjög að ná í mig. Vill hún segja mér frá einhverju eða jafnvel skamma mig fyrir eitthvað? Innra með mér blossomar upp kvíði sem hnýtur rembihnútt á magann. Hvað gerði ég í gær sem ég man ekki eftir? Hvað sagði ég? Hjartað hamast og blóðið streymir fram í kinnarnar.

– Mamma, vælir Marey, getum við farið í sund?

Ég stend upp og gef stelpunum merki um að gera það sama um leið og ég svara Maríönnu eins glaðlega og mér er unnt:

– Nei, hæ *newly-wed*! Átt þú ekki að vera uppi í rúmi að njóta? Taka við morgungjöfum og svona? segi ég og hlæ stríðnislega um leið og ég geng að dyrunum.

Ég heyri ekki hverju hún svarar því ísvélarnar eru á fullu svo ég rek á eftir stelpunum.

– Takk fyrir síðast, segi ég um leið og við mæðgur erum komnar út undir bert loft. Vá, hvað þetta var geggjað. Brúðkaup aldarinnar!

Ég geri hvað ég get til að hljóma hress en hún svarar ekki heldur snöktir í símann.

– Maríanna? Halló?

Kvíðahnúturinn í maganum stækkar. Eftir svolitla þögn stynur hún upp:

– Friðrika, hún Erna ... hún er ...

– Hvað?

– Erna er dáiin.

– Ha? segi ég því það suðar í eyrunum á mér og ég meðtek ekki orðin.

– Hún fannst látin í morgun.

Stelpurnar bíða stilltar við blínn. Þær skynja sjálfsagt að eitthvað er að.



– Hvað sagðirðu?

– Líkið fannst í kjarrinu niðri við ána, rétt fyrir neðan veisluhúsið.

– Bíddu ... ég skil ekki. Erum við að tala um Ernu *okkar*?

Mig svimar og það er eins og hnúturinn breytist í hnullung.

– Já, heyrir í Mariönnu milli ekkasoga, Erna er dáin.

Hnullungurinn margfaldast í maganum, springur í tætlur og splundrast svo mér blæðir allri að innan. Dætur mínar reka upp stór augu þegar ég lyppast niður á harða og hrjúfa gangstéttarbrúnina og gríp fyrir vitin. Ég þarf að vanda mig við að draga andann. Soga að mér súrefni á milli fingranna og reyni að halda ró minni. Þetta getur ekki verið satt.

– Hvað gerðist eiginlega? spyr ég og færi sólgleraugun upp á enni eins og til að komast út úr leikhúsinu, undan þessum drungalega harmleik og aftur út í dagsljósið.

– Við vitum það ekki en hún var víst allblóðug í framan og ... höfuðið, hárið ... hún virðist hafa ...

Marianna getur ekki lokið við setninguna.

– Dottið? spyr ég.

– Nei, Friðrika. Hún virðist hafa verið myrt.

– Myrt? styn ég í geðshræringu svo röddin minnir helst á mávagarg.

– Já, kveinar vinkona mín í símann og brestur í grát. Það fannst stór blóðugur hamar, eða þú veist, svona sleggja, þarna í grasinu líka. Einhver hlýtur að hafa slegið hana í höfuðið, í gagnaugað.

Ég lamast að innan og kem ekki upp orði. Líður eins og áhorfanda sem fylgist með úr fjarlægð. Dæturnar kalla hræddar en hikandi á mömmu sína sem situr stjörf á brúninni við bílinn, Fólk glápir. Ung stúlka spyr fullorðinn mann hvort þetta sé ekki konan úr sjónvarpinu. Jú, hann segist halda það. Þetta er sú með fréttaskýringarþáttinn Málavexti, útskýrir eldri karl



með mjólkurhristing. Þau ganga burt. Kona í lopapeysu með súkkulaði í brauðformi tvístígur vandræðalega áður en hún spyr hvort allt sé í lagi. Þegar hún fær ekkert svar bakkar hún aðeins og sest hikandi á bekk framan við ísbúðina.

– Hver fann hana? spyr ég Maríönnu lágum rómi og fálma skjálfhent eftir bíllyklunum í vasanum án þess að hreyfa mig af gangstéttarbrúninni.

– Starfsfólkið sem kom að þrifa salinn og hreinsa svæðið í morgun. Einhver albanskur maður sem fór út til að tína dósir fann bæði líkið og vopnið.

– Jesús minn. Ég trúí þessu ekki.

– Nei, vælir Maríanna. Þetta er bara hræðilegt. Algjör martröð.

Ég tuldra eitthvað ósjálfrátt, opna bílinn með fjarstýringunni og gef stelpunum merki um að setjast inn. Þær hreyfa sig ekki fyrr en ég skipa þeim að hlýða.

– Er hún örugglega dáið?

– Já, svarar vinkona mín lágt, sýgur upp í nefið og endurtkur: Algjör martröð. Og að þetta skuli gerast akkúrat á brúðkaupsnóttina mína ... ég bara ... ég á ekki orð yfir þetta, Friðrika.

Mig langar til að segja henni að það skipti engu fjárans máli hvaða nótt þetta gerðist. Ef okkar nánasta og hesta vinkona hefur verið myrt þá skiptir ekkert í heiminum máli – annað en það að hafa uppi á helvítis morðingjanum og refsa honum. En ég held aftur af mér og spyr einfaldlega:

– Hver gerði þetta eiginlega? Er einhver grunaður?

– Við vitum ekki neitt enn þá. Lögreglan er komin á staðinn en vill ekkert tjá sig. Runólfur er að reyna að fá einhver svör ...

– Ætli þurfi að yfirheyra alla gestina? spyr ég eftir svolitla þögn og sé út undan mér hvar konan á bekknum fylgist með mér á meðan hún sleikir ísinn sinn.

– Ég veit það ekki. En við Runólfur sögðum löggunni samt að við þekktum engan sem gæti hafa gert Ernu mein. Það er ekki séns að nokkur gestanna okkar hafi myrt hana. Þetta hlýtur bara að hafa verið einhver random útigangsmáður sem hefur ráðist á hana. Ég meina, það er engum illa við Ernu ... eða, það *var* engum illa við hana.

Maríanna virðist ekki átta sig á hvað þetta er fáránleg hugmynd, útigangsmenn eru ekki vanir að ráfa um sumarbústaðabyggðir á Suðurlandi, hvað þá að myrða saklaust fólk, hugsa ég en læt vera að benda henni á það.

– Ertu á staðnum? Sástu hana? spyr ég.

– Ég sá hana ekki, nei, svarar hún, en ég er komin á staðinn og ég heyrði frá hreingerningafólkinu sem fann hana að það hefðu verið taumar af storknuðu blóði niður með andlitinu og hálsinum, hún hafi legið á hliðinni niðri við árbakkann og vopnið þarna í grasinu rétt hjá ...

Ég stoppa Maríönnu af og spyr hvort búið sé að láta foreldra Ernu vita. Hún segir að það sé í höndum löggunnar en sjálf sé hún að hringja í nánustu vini Ernu.

– Ertu búin að hringja í Danna?

– Nei, svarar hún. Ég held það sé best að þú gerir það. Þið eruð svo nái.

Ég sit kyrr stundarkorn þegar ég hef kvatt Maríönnu og stari fram fyrir mig með símann í höndunum. Sé Ernu fyrir mér brosandí á dansgólfinu í gær, sé hana sveifla til hárinu og syngja. En ég sé líka svipinn á henni þegar hún kom inn á klósettið og sagði að við yrðum að tala saman. Hvað vildi hún aftur tala um? Bíddu ... töluðum við eitthvað saman eftir að Maríanna stormaði inn með tárin í augunum og rauðvínsblett á brúðarkjólnum? Hvað töluðum við um? Skildum við Erna ekki örugglega í góðu?

Skjálíandi halla ég mér fram yfir niðurfall í götunni og kasta upp. Vona að stelpurnar séu ekki að fylgjast með úr bílnum. Vona að enginn hafi orðið vitni að þessu. Skyndilega er lopa-peysukonan með ísinn kominn alveg upp að mér. Hún krýpur á kné og spyr góðlátlega hvort sé í lagi með mig. Ég umla eitt-hvað. Er ekki með sjálfri mér.

– Jæja, vinan, segir þessi ókunnuga kona og smellir í góm áður en hún útskýrir í hálfum hljóðum að hún sé kennari og barnasálfræðingur svo henni finnist hún alltaf þurfa að ganga úr skugga um að allt sé með felldu hjá fólki.

Það hlaut að vera, hugsa ég, örugglega útsendari frá barnavernd sem er kominn til að fara með mig á Vog.

– Æ, ég var að fá svo slæmar fréttir, svara ég og röddin brestur þegar ég bæti við: Hræðilega slæmar fréttir.

Konan tyllir sér á gangstéttarbrúnina og tekur utan um mig, hvíslar að mér hughreystandi orðum. Ég halla mér grátandi á öxl hennar og sannfærist um að sálfræðingurinn með súkkulaðiísinn sé ekki á vegum barnaverndar heldur útsendari frá almættinu, kominn til að veita mér áfallahjálp.